



Einar Jónsson
Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150Reykjavík

Reykjavík 13. febrúar 2015
UST201502-058

Tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 19. desember sl. þar sem tilkynnt er að Skipulagsstofnun hafi auglýst Landsskipulagsstefna 2015 – 2026 til kynningar ásamt umhverfismati. Einnig kemur fram í erindinu að frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri sé til 13. febrúar 2015.

Umhverfisstofnun tekur undir með forstjóra Skipulagsstofnunar að það skiptir miklu að tekinn sé tími í að horfa vítt yfir og fram í tímann eins og tækifæri gefst til þegar unnið er að heildstæðri skipulagsstefnu eins og landsskipulagsstefnu. Einnig tekur Umhverfisstofnun undir mikilvægi þess að tillagan veki áhuga og sé til þess fallin að auka samstöðu og skilning um mikilvægi skipulagsgerðar sem hreyfiafl framfara og breytinga og stjórnækis til að standa vörð um náttúru- og menningagæði og almannahagsmuni.

Umhverfisstofnun telur að í landsskipulagsstefnu eigi að koma fram sýn yfirvalda um það í hvaða átt íslenskt samfélag eigi að þróast og hvernig skipulag sveitarfélaga geti stuðlað að ná þeirri sýn. Umhverfisstofnun bendir í því samhengi á þá framtíðarsýn sem sett var fram í stefnumótun um eflingu græns hagkerfis á Íslandi og samþykkt á Alþingi Íslendinga en þar segir: „*Ísland skipi sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi sem grænt hagkerfi, með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni*“. Að mati Umhverfisstofnunar er einnig mikilvægt að með landsskipulagsstefnu sé staða Íslands skoðuð í alþjóðlegu samhengi m.t.t. þeirra alþjóðasamninga og samþykta sem við höfum undirgengist. Þar má t.d. nefna

stefnumótun fyrir líffræðilega fjölbreytni, rammSAMning um loftslagsbreytingar, Bernarsamninginn, Ramsarsamninginn um votlendi og svo mætti telja áfram.

Í upphafi vill Umhverfisstofnun koma á framfæri ábendingum um atriði sem fram koma í auglýstri tillögu að landsskipulagsstefnu.

Í gr. 1.3.2 kortagrunnur um vegi segir: „Á hverjum tíma skulu Landmælingar Íslands veita aðgang að kortagrunni yfir samþykka vegi og vegslóða utan flokkunarkerfis vegalaga. Kortagrunnurinn skal byggður á tillögum sveitarfélaga sem eru háðar samþykki Umhverfisstofnunar.“ Umhverfisstofnun bendir á að það er ekki hlutverk stofnunarinnar að samþykkja kortagrunna, stofnunin er umsagnaraðili slíkra grunna og hefur stofnunin nú þegar komið að slíkum umsögnum hvað varðar kortagrunna fyrir samþykka vegi og vegslóða utan flokkunarkerfis vegalaga.

Í gr. 4.1.1. Öflun upplýsinga um vernd og nýtingu segir: „Skipulagsstofnun vinni að landfræðilegum gagnagrunni/vefgátt í samráði við hlutaðeigandi stofnanir sem hefur að geyma upplýsingar um siglingaleiðir, verndarsvæði og starfsemi á haf- og strandsvæðum.“ Umhverfisstofnun bendir á að Landmælingar Íslands er slík grunnstofnun og hefur þau úrræði og tækjakost sem til þarf til að skapa slíka veggrunna. Stofnunin telur að ofangreindum verkefnum eigi að ráðstafa til Landmælinga Íslands.

Umhverfisstofnun lýsir yfir ánægju sinni með stefnu er varðar ferðaþjónustu í sátt við náttúru og umhverfi:

Markmið 1.2 – Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi.

Að mati Umhverfisstofnunar er ofangreind stefna skýr og markmiðin sem sett eru fram varðandi skráningu mannvirkja og þjónustu á hálendinu eru jafnframt skýr. Einnig eru markmið varðandi upplýsingaöflun um þörf fyrir breyttar áherslur um mannvirkjagerð skýrar og niðurstöður gætu reynst afar gagnlegar fyrir áframhaldandi stefnu.

Á bls. 45, er fjallað um markmið 1.2 ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi varðandi þjónustustaði ferðamanna. Umhverfisstofnun tekur undir og lýsir yfir ánægju með þennan kafla. Að mati stofnunarinnar er þarna sett fram almenn stefna sem tekur mið af skilgreindum verðmætum. Aðgerðir sem boðaðar eru miða við að halda gildi hálendisins fyrir ferðamennsku.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda tillögu ásamt greinargerð.

Lög um stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun minnir á að markmið ofangreindra laga er skv. 1. gr. að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun

Ítrekar að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun sbr. 28. gr. laganna.

Í tillögu að landsskipulagsstefnu er minnst á mikilvægi hreinleika vatns, en að mati Umhverfisstofnunar ætti neysluvatnsvernd og mikilvægi þess að skilgreind séu vatnstökusvæði fyrir komandi kynslóðir að koma skýrar fram í tillögunni.

Sjálfbærni

Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að skilgreina í öllum köflum hvað átt er við með sjálfbærni en að mati Umhverfisstofnunar ætti að halda sig við þá skilgreiningu á sjálfbærri þróun sem oftast er vitnað til og á rætur í skýrslu Brundtlandnefndarinnar frá 1987 en þar var sjálfbær þróun skilgreind sem „*þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum*“. Sjálfbær þróun byggir á samþættingu umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta, og á jafnrétti milli kynslóða og milli heimshluta.

Að mati Umhverfisstofnunar væri til bóta að hafa lista yfir skilgreiningar á þeim hagtökum sem fram koma í landsskipulagsstefnunni.

Markmið 1.1 – Víðerni og náttúrugæði

„Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja.“

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki tryggt að markmiðið náist með þeim aðgerðum sem tiltekna eru og á að grípa til. Að mati stofnunarinnar er ósamræmi á milli markmiðs 1.1 og aðgerðanna sem nefndar eru. Til dæmis kemur fram að viðhalda á sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, en einnig segir í textanum að við skipulagsgerð verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálandið „*skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst*“. Að mati Umhverfisstofnunar eiga aðgerðir að miða að því að uppfylla markmiðin og stefnan á því að segja skýrt til um hvernig á að ná þeim verndarmarkmiðum sem sett eru fram. Það að setja fram aðgerðir um að skerða eigi víðerni og önnur sérkenni hálandisins sem minnst er í mótsögn við það markmið sem sett er fram.

Umhverfisstofnun telur að líta þurfi til lífríkisins í heild þegar unnið er að vistheimt og því þurfi að hafa samráð við fleiri aðila en bændur og Landgræðslu Íslands s.s. Náttúrufræðistofnun Íslands og Skógræktina. Að mati Umhverfisstofnunar vantar umfjöllun um endurheimt vistkerfa í leiðir að ofangreindu markmiði. Sem dæmi um vistheimt vísar stofnunin á aðferðir til uppgræðslu sem notaðar hafa verið við að endurheimta mosa o.fl.vistgerðir á Hellisheiði (Orka náttúrunnar).

Umhverfisstofnun vill taka það fram að nauðsynlegt er að sett séu fram skýr markmið til að vernda víðerni, með mælanlegum markmiðum, til að standa vörð um víðernin og fyrirbyggja að á þau sé gengið.

Umhverfisstofnun bendir á að hverfisvernd er ekki lögformleg vernd, ef vernda á svæði til framtíðar er friðlýsing nauðsynleg.

Markmið 1.3 – Samgöngur í sátt við náttúru og umhverfi

Uppbygging samgöngukerfis á miðhálandinu stuðli að góðu aðgengi að hálandinu og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta. Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.

Að mati Umhverfisstofnunar koma hér fram mótsagnir í sjálfu markmiðinu, því hvernig á að ná markmiði um lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun með því að stuðla að stóru aukningu umferð um hálandið. Umhverfisstofnun bendir á að með því að byggja upp vegi á hálandi Íslands þá getur það þýtt aukna áníðslu á mjög viðkvæm svæði t.d. á vorin en að auki er verið að ganga enn frekar á þau svæði sem enn þann dag í dag eru tiltölulega lítið snortin af mannvirkjum og ágangi ferðamanna. Hálandi Íslands er í eðli sínu takmörkuð auðlind og því þarf að forgangsraða þeim áætlunum sem snúa að nýtingu hálandisins. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að horft sé til verndar hálandisins og að ekki sé gengið á þá auðlind sem öræfaauðnin, víðernin og fjölbreytt landslag er. Að mati Umhverfisstofnunar er ákveðin náttúruvernd fólgin í malarvegum þar sem slíkir vegir geta dregið úr aðsókn, auk þess sem rannsóknir hafa sýnt að sterkar vísbendingar eru um það að í ferðum um malarvegi sé fólgin sérstaða: eftirsóknarverð upplifun fyrir þá sem um þá fara, ekki síst fyrir erlenda ferðamenn.

Leið 1.3.1 Skipulag samgangna. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að tryggja að verndun sé í fyrirrúmi og markmið um ró og einsemd (öræfakýrri) náist. Í leið 1.3.1. er boðað að það þurfi að gera eitthvað fyrir alla á öllum leiðum. Umhverfisstofnun bendir á að betra aðgengi kallar á meiri uppbyggingu. Umhverfisstofnun bendir á að ef áætlað er að aðskilja mismunandi ferðaleiðir þ.e. gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir (sem eiga að vera fyrir utan meginvegakerfið), þá þarf að gæta þess að grunnnetið verði ekki of fyrirferðamikilið.

Leið 1.3.3 Nánari stefnumótun um vegakerfi miðhálandisins. Umhverfisstofnun bendir á að samráð um vegagerð á hálandinu má ekki vera of þröngt skilgreint. Þarna þarf strax að hleypa inn í vinnuna fleiri aðilum, s.s. Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarði, fulltrúum ferðaþjónustunnar, frjálsum félagasamtökum o.fl. Að mati stofnunarinnar ætti stefnumótun um vegakerfi miðhálandisins ekki eingöngu að vera verkefni skipulags- og samgönguyfirvalda.

Markmið 2.6 – Sjálfbærar samgöngur

Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.

Öruggar og vistvænar samgöngur eru ekki það sama og sjálfbærar samgöngur. Hér þarf að skilgreina hvað átt er við með sjálfbærum samgöngum og bendir Umhverfisstofnun aftur á að mikilvægt er að setja fram lista yfir skilgreiningar á hugtökum til að forðast misskilning og auka á skýrleika. Einnig ætti að setja fram tímasett markmið sem miða að því að viss hluti samgangna verði vistvænn. Fjallað er um sjálfbærar samgöngur á svipaðan hátt á bls. 24 í greinargerð. Því vekur athygli að í umhverfismati á bls. 111 kemur fram í skýringum að: „*Stefna tekur ekki sérstaklega á losun gróðurhúsalofttegunda þó svo að hún miði að heilnæmu umhverfi.*“ Umhverfisstofnun bendir á að fram komi í Landsskipulagsstefnu að hún boði stefnu í átt að grænu hagkerfi, og telur stofnunin þarna um ósamræmi að ræða og ekki sé hægt að slíta úr samhengi losun gróðurhúsalofttegunda og umræðu um sjálfbærar eða vistvænar samgöngur.

Á bls. 48 er rætt er um þjóðvegi og þar kemur fram að stefnan sé að stofnvegir verði byggðir upp og þeir opnir fólksbílum í 4-6 mánuði á ári. Með þeirri stefnu er verið að auka umferð inn á viðkvæm svæði að mati stofnunarinnar. Þessi stefna er í mótsögn við það markmið að halda innviðum á hálendinu í lágmarki eins og lagt er til varðandi þjónustustaði ferðamanna (Markmið 1.2 – Ferðapjónusta í sátt við við náttúru og umhverfi).

Markmið 1.4 – Sjálfbær nýting orkuauðlinda

Orkulindir á miðhálendinu verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega með tilliti til verndunar víðerna.

Að mati Umhverfisstofnunar er mjög mikilvægt að skoðuð verði heildaráhrif orkuuppbyggingar með tengdum framkvæmdum, s.s. vegum, háspennulínum o.fl., ef nýta á orkulindir á miðhálendinu.

Umhverfisstofnun bendir á að það ættu að vera jafn ströng ákvæði um staðsetningu orkumannvirkja og eru um önnur mannvirki á hálendinu, t.d. fjallakofa.

Markmið 2.1 - Sjálfbær byggð í dreifbýli

Skipulag landnotkunar við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli.

Að mati Umhverfisstofnunar þarfnast hugtakið „sjálfbær byggð“ skilgreiningar, óljóst er hvað hugtakið felur í sér.

Markmið 2.3 – sjálfbær nýting landbúnaðarlands

Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.

Umhverfisstofnun telur að skýra þurfi betur hvað átt er við með sjálfbærri nýtingu landbúnaðarlands.

Markmið 2.5 – Orkumannvirki í sátt við náttúru og umhverfi

Orkulindir í dreifbýli verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

Hér vantar að mati stofnunarinnar leiðbeiningar um það hvernig á að ná fram nýtingu á auðlindum með sjálfbærum hætti. Að mati Umhverfisstofnunar ætti stefnan að vera sú að stór mannvirki og önnur uppbygging ætti að eiga sér stað í jaðri miðhálendisins en ekki inni á sjálfu hálendinu. Ef stuðla á að verndun þarf að ákvarða staðsetningu þessara mannvirkjana á sambærilegan hátt og gert er með mannvirki í ferðapjónustu í markmiði 1.2.

Leið 2.5.1 – Umhverfisstofnun telur að skýra þurfi hvað er átt við með „orkuframleiðslu með vatnsafla, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag“.

Markmið 2.8 – Skipulag með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga

Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að fara fram athugun á því hvort núverandi byggðakjarnar eru á „besta stað“, hvað varðar staðsetningu gagnvart náttúruvá. T.d. með því að ganga úr skugga um hvernig staðsetning þeirra er m.t.t. til breytinga á sjávarstöðu/sjávarhæð en ljóst er að með loftslagsbreytingum þá kemur sjávarstaða til með að breytast og hafa áhrif á núverandi staðsetningu mannvirkja. Með tilliti til þess meðal annars þyrfti að skoða hvort leggja eigi áherslu á að efla núverandi byggð eða ekki.

1. Haf- og strandsvæði

Umhverfisstofnun leggur til að sett verði fram meginstefna eða sýn varðandi skipulag haf- og strandsvæða í landsskipulagi þrátt fyrir að löggjöf skorti. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við skipulag haf og strandsvæða verði beitt vistkerfisnálgun þannig að metið verði og skipulagt hver konar atvinnustarfsemi fari fram á haf- og strandsvæðum s.s. vinnsla jarðefna, fiskeldi o.s.frv. m.t.t. verndar lífríkis svæðisins og jarðminja hafsbotsins. Gerð verði jafnframt grein fyrir siglingaleiðum og fiskveiðislóðum í skipulagi. Þannig sé mikilvægt að skipuleggja haf- og strandsvæði sem náttúrufarslegar heildir. Sú þörf er sérstaklega rík í þröngum fjörðum þar sem atvinnustarfsemi og hagsmunir geta hæglega rekist á. Ætla verður að rík þörf sé á samvinnu sveitarfélaga á milli sem og samvinnu ríkis og sveitarfélaga.

Stofnunin bendir á að Ísland hefur skuldbundið sig til að hafa hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Á alþjóðlegum vettvangi er lögð aukin áhersla á stjórnun strandsvæða sem sjá má af alþjóðlegum samningum á sviði umhverfismála þar sem aukna áherslu er að finna á mikilvægi heildrænnar stjórnunar strandsvæða.

Umhverfisstofnun telur að auk þeirra markmiða sem sett eru fram í landsskipulagsstefnu um sjálfbæra nýtingu auðlinda, skýra og skilvirka stjórnsýslu skipulagsmála og svæðisbundna skipulagsgerð ætti að setja fram markmið er miðar að því að tryggja áframhaldandi nýtingu strandsvæða til útivistar og aðgengi almennings að strandsvæðum. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að taka tillit til útivistar á ströndum við skipulag haf- og strandsvæða, þ.m.t. við sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Umhverfisstofnun tekur undir og ítrekar mikilvægi gerðar svæðisbundinna skipulagsáætlana, sbr. umfjöllun bls. 80 í landsskipulagsstefnu. Stofnunin telur að breyta mætti orðalagi í umfjöllun um svæðisbundna skipulagsgerð, þ.e. að svæðisbundin skipulagsgerð taki ekki aðeins til haf- og strandsvæða næst landi og gert ráð fyrir samþættingu nýtingar og verndar við ströndina heldur taki svæðisbundin skipulagsgerð til starfsemi á og við ströndina. Í því sambandi bendir stofnunin á að starfsemi við ströndina getur haft áhrif á nýtingu á ströndinni sjálfri og eins getur starfsemi á ströndum haft áhrif út til hafsins, sbr. til dæmis skólphreinsistöðvar.

Umhverfismat landsskipulagsstefnunnar

Að mati Umhverfisstofnunar eru mótsagnir í umhverfismatinu og uppsetning þess mætti vera skýrari. Til að styðja þá skoðun er hér tæpt á nokkrum dæmum.

Markmið 1.1 Víðerni og náttúrugæði

Erfitt er að sjá þegar skoðað er upphaf umhverfismatsins bls. 90, hvers vegna stefnan styður umhverfisviðmið 1 (*Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að góðum búsetuskilyrðum og samkeppnishæfni byggða og bæja*) að óverulegu leyti, svo á umhverfisviðmið 2 (*Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að öruggri, aðgengilegri og vandaðri byggð í góðum tengslum við umhverfi og náttúru sem styður lífsgæði og heilbrigðan og sjálfbæran lífstíl*) ekki við þar sem stefnan tengist ekki viðmiðinu með beinum hætti og umhverfisviðmið 3 (*Að skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér sveigjanleika og þanþol gagnvart umhverfisbreytingum og breyttum þörfum samfélagsins*) og 4 (*Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að vernd náttúru – og menningarminja sem meðal annars felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana víðernum landslagi og minjum um sögu og búsetu*) eru í samræmi við tillöguna og eru studdir af henni. Síðan styður stefnan umhverfisviðmið 5 (*Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa*) að óverulegu leyti o.s.frv.

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisviðmið 1 (*Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að góðum búsetuskilyrðum og samkeppnishæfni byggða og bæja*) og 9 (*Að skipulag byggðar og landnotkunar skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi og fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf*) eru nánast þau sömu, bara aðeins breytt orðalag. Umhverfisstofnun telur það ekki koma skýrt fram hvers vegna umhverfisviðmið 9 á ekki við en umhverfisviðmið 1 styður við stefnuna að óverulegu leyti.

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki samræmi á milli umhverfisviðmiðs og skýringar varðandi umhverfisviðmið 10 (efst á bls. 91) sem hljóðar svo „*Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að því að viðhalda og efla sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna*“. Það að skerða víðerni yfir höfuð með mannvirkjum og umferð, samræmist ekki því að efla og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, miðað við fyrirliggjandi gögn (sjá m.a. rannsóknir Önnu Dóru Sæþórsdóttur um afstöðu ferðamanna til mannvirkja á hálendinu), um afstöðu ferðamanna og ástæður þess að þeir koma til Íslands.

Markmið 1.6 Skipulag með tilliti til náttúruvár

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisviðmið 7 er í innbyrðis mótsögn, þar sem umhverfisviðmiðið segir „*Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að góðum tækifærum til útivistar og tryggi rétt almennings að frjálsum aðgengi um náttúru landsins*“, en í skýringum segir að stefnan taki ekki á rétti almennings að frjálsum aðgengi um náttúru landsins. Umhverfisstofnun telur eins og áður hefur komið fram

að stefnan þurfi að taka mið af þeim stefnumörkunum sem nú þegar hafa verið settar og telur stofnunin að stefna sem ekki tryggir almannarétt vera í ósamræmi við það.

Markmið 1.4 Sjálfbær nýting orkulinda

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er til staðar viðmið um hvað teljist sjálfbær nýting orkulinda. Umhverfisviðmið 4 segir: „*Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að vernd náttúru- og menningarmínja, sem meðal annars felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana, víðernum, landslagi og minjum um sögu og búsetu*“. Í skýringun kemur fram að: „*Með því að hafa sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi við nýtingu orkulinda á hálendinu, að teknu tilliti til virkjunarkosta í orkunýtingarflokki í gildandi rammaáætlun og að því gefnu að tekið sé mið af áherslum um verndun víðerna og náttúru, er gætt samræmis við viðmið um vernd náttúru- og menningarmínja.*“ –Að mati Umhverfisstofnunar er jákvæð stefna að hafa sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, en stofnunin bendir á að í áætlun um vernd og orkunýtingu eru fjölmörg sjónarmið höfð að leiðarljósi auk verndarsjónarmiða sbr. markmiðsákvæði laganr. 46/2011 þar sem segir: „*Markmið laga þessara er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra mínja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.*“ Í lögnum er ekki að finna viðmið eða skilgreiningu á sjálfbærri nýtingu orkulinda. Stofnunin leggur til að eingöngu verði vísað til hugtaksins sjálfbær þróun í þessu samhengi. Stofnunin telur mikilvægt að fram komi sýn um verndun hálendisins og tilvísun til skilgreiningar á víðernum. Ósnortið víðerni er í lögum um náttúruvernd skilgreint með eftirfarandi hætti: Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum. Ljóst er að orkunýting felur almennt í sér mannvirkjagerð og röskun sbr. framangreinda skilgreiningu.

Markmið 3.3 Gæði hins byggða umhverfis

Í 8. umhverfisviðmiði þessa markmiðs segir: „*Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að minni losun gróðurhúsalofttegunda*“. Síðan segir í skýringu: „*Stefna tekur ekki sérstaklega á losun gróðurhúsalofttegunda þó svo hún miði að heilnæmu umhverfi. Engar leiðir sem snúa að minnkun CO₂.*“ Að mati Umhverfisstofnunar væri eðlilegt að landsskipulagsstefnan tæki á losun CO₂ í tengslum við loftslagsbreytingar og að í stefnunni væri að finna markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Að mati Umhverfisstofnunar, eins og áður hefur komið fram, stangast það að taka ekki á losun gróðurhúsalofttegunda, á við þá stefnu að skapa aðstæður fyrir grænt hagkerfi og að stefna að sjálfbærum samgöngum.

Horft til framtíðar

Fram er komin fyrsta tillaga að Landsskipulagi á Íslandi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að horfa til þess hvað varðar þróun landsskipulags. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé skýr og að tekin sé ákvörðun um það hvert íslenskt samfélag eigi að stefna. Augljóst þarf að vera hver eru meginmarkmiðin sem þarf að ná fram, með hvaða aðgerðum er hægt að ná þeim og hver er eftirfylgnin og mælanleikinn á það hvort aðgerðirnar leiði til þess að markmiðin náist. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fylgjast með ástandi hálendisins, en það er líka mikilvægt að hafa markmið um framvindu þess og árangursvísa til að ná markmiðunum.


Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst að ekki er hægt að ná fram öllum sjónarmiðum í tillögu að landsskipulagi og því er mikilvægt að forgangsraða, hvað eigi að hafa forgang umfram annað t.d. þegar taka þarf afstöðu til ólíkra hagsmuna eins og birtast hvað varðar verndun náttúrusvæða, markmiða í loftslagsmálum og markmiða varðandi orkuöryggi. Minna má á að jafnvel innan umhverfisgeirans er að finna markmið sem eru illa samrýmanleg.


Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að stefna sé tekin á grænt samfélag og grænt hagkerfi. Í því samhengi telur stofnunin mikilvægt að fram komi stefna Íslands í

alþjóðasamhengi, hvaða skyldum íslenskt samfélag hefur að gegna og hvernig við ætlum að vinna með þær.

Einnig telur stofnunin að í landsskipulagi þurfi að koma fram stefna til framtíðar hvað varðar loftslagsmál og loftslagsbreytingar. Taka þarf tillit til hækkandi sjávarborðs og bráðnun jökla sem getur haft landris og aukin eldgos í för með sér.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur